



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 2. janúar 2025
USK24100018

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að teknar verða saman upplýsingar um bílastæðahús og bílastæðakjallara í Reykjavík

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 9. október 2024 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samantekt upplýsinga um bílakjallara og bílastæðahús í Reykjavík, sbr. 26. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 2. október 2024.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að teknar verða saman upplýsingar um bílastæðahús og bílastæðakjallara í Reykjavík, hver þeirra eru rekið af borginni og hver eru einkarekin. Einnig er lagt til að Bílastæðasjóður taki aftur upp að leggja sektarmiða undir rúðuþurrku í stað þess að senda rukkun beint í heimabanka, sem fer framhjá mörgum en með þessu fyrirkomulagi eru miklar líkur á því að sektin hafi hækkað þegar fólk áttar sig á að hafa fengið hana. Greinargerð fylgir tillögu.

Greinargerð

Hér er um algeran frumskóg að ræða og er upplýsingaóreiða mikil. Það koma skýrt í ljós á Menningardag en þá taldi fólk vera frítt í stæði í Reykjavík. Í ljós kom að þeir sem ólánuðust við að leggja í "einkastæði" eins og Guðrúnartúni fengu háa reikninga eftir daginn. Reikningar koma þá samstundis einn á einkabanka viðkomandi. Þeir sem aka á P merktum bílum og leggja í P merkt stæði þurfa að greiða í þessi stæði (einkarekin) sem hlýtur að stríða gegn lögum.

Það vantar alla umgjörð um rekstur bílastæða og menn virðast fá að hafa sína hentisemi á sektargreiðslum. Borgin hætti að rukka P-korthafa, sem hafa rétt til þess að leggja án greiðslu í P-stæði og gjaldskyld almenn bílastæði skv. umferðarlögum og er staðfest af ráðherra (sjá: 2164/154 svar: gjaldheimta af handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða | Þingtiðindi | Alþingi (alþingi.is)), að því tilskyldu að þeir láti vita af sér fyrirfram (sem er líka gagnrýnivert fyrirkomulag), en einkaaðilar neita að láta af rukkunum. Það vantar stórlega yfirsýn yfir hvaða stæði og hús eru rekin af borginni og hver af einkaaðilum og þá hverjum. Þess utan er álagning sennilega frjáls og er hægt að okra eins og enginn sé morgundagurinn.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.

Umsögn:

Fyrir liggur hvaða bílahús eru í eigu Reykjavíkurborgar. Þau eru sjö (Stjörnuport, Vitatorg, Kolaport, Vesturgata, Traðarkot, Bergstaðir og Ráðhúskjallari), staðsetning þeirra og heiti kemur fram á heimasíðu Reykjavíkurborgar og í borgarvefsjá. Til viðbótar við hús borgarinnar eru stór bílahús í rekstri einkaaðila. Má þar t.a.m. nefna Höfðatorg, Hörpu



og Hafnartorg. Nær ómögulegt er að taka saman öll bílahús og bílakjallara sem eru í rekstri einkaaðila enda er það undir hverjum lóðarhafa fyrir sig komið hvernig hann heimilar afnot af sínum gæðum.

Sú ákvörðun að hætta að prenta út sektarmiða hjá Bílastæðasjóði er hluti af stafrænni vegferð bílastæðasjóðs. Á nýju ári stendur til að hefja eftirlit með gjaldskyldu með myndavélum á bifreið sem ekið eru um. Slíkt eftirlit bíður ekki upp á að miði sé skilinn eftir undir rúðupurrku líkt og gert var. Nýtt fyrirkomulag gerir eftirlitið skilvirkara og dregur úr líkum á áreiti á stöðuverði en stöðuverðir verða fyrir miklu áreiti í störfum sínum. Að auki var um persónuverndarmál að ræða þar sem á sektarmiðum kom fram nafn og kennitala eiganda bifreiðar sem fékk umrædda sekt.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið